

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða, og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast gildi frá og með 1. október 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 193 10. maí 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 22. sept. 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

15. september 1978.

Nr. 341.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Gullbringusýslu.

1. gr.

Í Gullbringusýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkvæmt 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru:

Vatnsleysustrandarhreppur:

- | | |
|---------------------------|---|
| 1. Stóru-Vatnsleysuvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Stóru-Vatnsleysu. |
| 2. Minni-Vatnsleysuvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Minni-Vatnsleysu. |
| 3. Litlabæjarvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Litlabæ. |
| 4. Kálfatjarnarvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Kálfatjörn. |
| 5. Þórustaðavegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Þórustöðum. |
| 6. Landakotsvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Landakoti. |
| 7. Auðnarvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Auðnum. |
| 8. Stóra-Knarrarnesvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Stóra-Knarrarnesi. |
| 9. Minna-Knarrarnesvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Minna-Knarrarnesi. |
| 10. Hellnavegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Hellnum. |
| 11. Ásláksstaðavegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Ásláksstöðum. |
| 12. Naustakotsvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Naustakoti. |
| 13. Narfakotsvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Narfakoti. |
| 14. Suðurkotsvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Suðurkoti. |
| 15. Vegur að barnaskóla. | Af Vatnsleysustrandarvegi að barnaskóla. |
| 16. Sunnuholsvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Sunnuhlíð. |
| 17. Skipholtsvegur. | Af Vatnsleysustrandarvegi að Skipholti. |

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verka-

mannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitasjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupþúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 11 400. Lágmarks-gjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. gr. vegalaga. Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kaupþúnum, sem eru hreppfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðs-gjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggir við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Gullbringusýslu nr. 231 6. október 1964.

Samgönguráðuneytið, 15. september 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

25. september 1978.

Nr. 342.

AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 415 11. september 1975.

Vegna breytingar nr. 21 á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2, "Rules of the Air"), eru hér með gerðar breytingar á flugreglum, samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 415 11. september 1975 um setningu flugreglna.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þær gildi þegar í stað.

Samgönguráðuneytið, 25. september 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Fylgiskjal.

Breyting á flugreglum.

1. gr.

Í 1. kafla — ORÐASKÝRINGAR — breytast, bætast við eða falla niður eftirfarandi hugtök sem hér segir:

Fluglag (Flight level). Flötur með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013,2 millibör, og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

Ath. 1 Þrýstingshæðarmælir, sem kvarðaður er samkvæmt ICAO-reglum um staðlaðan lofthjúp:

- a) sýnir flughæð þegar hann er stilltur á QNH,
- b) sýnir hæð yfir QFE viðmiðun þegar hann er stilltur á QFE,
- c) sýnir fluglag, þegar hann er stilltur á 1013,2 millibör.

Ath. 2 Hugtökin „hæð“ og „flughæð“, sem tilgreind eru í ath. 1 hér að ofan, fela í sér stöðu hæðarmælis fremur en raunverulegar hæðir.

Stöðumið (Reporting point). Tilkænt staður á jörðu sem loftfar getur miðað við er það tilkynnir stöðu sína.

Skiptihæð (Transition altitude). Hæsta flughæð þar sem miða skal lóðréttu stöðu loftfars við flughæð.

Skiptistaður (Change-over point). Sá staður, er loftfari á hluta ATS-leiðar, sem ákveðin er af fjölstefnuvitum (VOR), er ætlað að skipta flugleiðsöguviðtöku frá VOR-stöðinni fyrir aftan það á VOR-stöðina framundan.